





Hrað-leiðbeiningar fyrir Brother PR-600




1. Kveikið á vélinni.
2. Það er áriðandi að í hvert sinn sem kveikt er á vélinni sé settur einn dropi af olíu í gríparahringinn, sjá nánar í lokinu við spóluhúsið. **Aðeins einn dropa** en ekki láta gríparann löðra í olíu.
3. Ýtið á OK (ör 1) og þá er komið í stjórnborðsmyndina.
4. Ýtið á "stillingar" (ör 2), og hér eru 5 blaðsíður þar sem hægt er að stilla á persónulegar stillingar.
5. Með örvum nr. 3, 4 og 5, er hægt að velja hvernig útsaumsflöturinn á að líta út.

Ör 3 = Hér er hægt að velja hvort sýndar verði aðrar stærðir af útsaumsrömmum..
 Ör 4 = Hér er hægt að velja hvort hafa á fering til að auðveldara sé að setja saman mynstur.
 Ör 5 = Hér er hægt að gera græna krossinn stærri eða minni, en hann sýnir staðsetningu nálarinnar.
 Ör 6 = Efsta línan sýnir hversu mörg spor PR600 hefur saumað síðan litið var á hana síðast, en línan þar fyrir neðan sýnir heildarfjölda spora frá upphafi.
 Ör 7 = Í fyrstu línu er hægt að sjá í hve marga klukkutíma hefur verið saumað á vélina síðan litið var á hana síðast, en línan þar fyrir neðan sýnir heildartímafjölda frá upphafi.

6. Ef þið viljið komast aftur á útsaumsskjáinn er ýtt á OK (ör 8).
7. Ýtið á hendina (ör nr. 9) og þá er flett yfir á næstu síðu.
8. Ör 10 = Hér er hægt að velja hvaða litasafn á að koma á útsaumsskjáinn.
9. Ör 11 = Ef búið hefur verið til eigið litasafn, ýtið þá á ON, og veljið síðan með örvunum hvort velja eigi litasafn 1 eða litasafn 2.
10. Ör 12 = Veljið hvort vélín á að klippa tvinnann á milli tveggja litafleta í sama lit. (Þetta virkar þó best með Tajima-skrám, því á öðrum getur það komið fyrir að ekki verði klippt á milli tveggja flata í sama lit).
11. Ör 13 = Ef ON hefur verið valið, er hægt að vela fyrir ofan hve mörg spor vélín á að sauma, en það verður að vera sami fjöldi og er í saumaforritinu.
12. Ör 14 = Minnkið sporin
13. Ör 15 = Lengdin á endanum sem vélín klippir, en hægt er að velja á milli "venjulegur" eða "langur".
9. Ef fara á til baka á útsaumsskjáinn er ýtt á OK (ör 16).
10. Ýtið á hendina (ör 17) og þið farið yfir á næstu blaðsíðu.


Hrað-leiðbeiningar fyrir Brother PR-600



11. ÖR 1 = Hægt er að setja akkeri á þá liti sem hafa á alltaf á sama stað. Ýtið á þá litastaðsetningu sem þið viljið alltaf hafa á sama stað (ör 2), veljið síðan litinn með örvunum (örvar 3), og þegar réttur litur hefur verið valinn staðfestið þið með því að ýta á SET (ör 4).

12. Ef þið viljið fara aftur yfir á útsaumsskjáinn ýtið þið á OK (ör 5).


13. Ýtið á hendina (ör 6) og þið farið yfir á næstu blaðsíðu.



14. Á þessari síðu getið þið búið til ykkar eigið litaspjald. Veljið hvort það eigi að vera nr. 1 eða nr. 2 (ör 7). Með örvunum 8 veljið þið á hvaða ferning liturinn á að fara. Veljið síðan frá hvaða litaspjaldi þið ætlið að taka litina (ör nr. 9), stimplið númerið af litum inn (örvar 10) og ýtið síðan á SET (ör 11) og liturinn kemur yfir á litaspjaldið. Hægt er að blanda litum frá hinum ýmsu litaspjöldum yfir á eigið litaspjald.

15. Ef þið viljið fara aftur yfir á útsaumsskjáinn ýtið þið á OK (ör 12).

16. Ýtið á hendina (ör 13) og þið farið yfir á næstu blaðsíðu.



17. ÖR 14 = ef skjárinn er of ljós eða of dökkur ýtið þið á þessar örvar til að velja rétta birtu.
ÖR 15 = hægt er að taka hljóðmerkin af.
ÖR 16 = veljið mm. Eða tommur.
ÖR 17 = veljið tungumál (því miður ekki íslensku)

18. Ef þið viljið fara aftur yfir á útsaumsskjáinn ýtið þið á OK (ör nr. 18).

19. Ýtið á hendina (ör 19) og þið farið yfir á næstu blaðsíðu.



20. Ýtið á hjálparaðgerðarhnappinn (ör 20), og boðið er upp á fleiri möguleika.

21. Leiðarvísirinn skilgreinir betur hvernig nota eigi hina ýmsu hnappa, ýtið á myndina og frekari upplýsingar koma á skjáinn (því miður ekki á íslensku) (ör 21)

22. Hægt er að fá frekari útskýringar á skjáinn.

ÖR 22 = helstu hlutir


ÖR 23 = aðgerðir

ÖR 24 = lausn á vandamálum




ÖR 25 = umhirða og viðhald

Sumar útskýringar eru sýndar með myndum sem gera þær auðskiljanlegri – aðrar með videomynd.

23. Ýtið á CLOSE (ör 26) til að fara aftur á útsaums-skjáinn.








Hrað-leiðbeiningar fyrir Brother PR-600








24. Hér er hægt að skoða hina ýmsu ramma og sá rammi sem mælt er með er sýndur kröftugri (ör 1).
25. Stærðin á heildarmynstrinu (ör 2).
26. Ör 3 = hér eru 14 innbyggð mynstur, og einnig er eitt mynstur sem gott er að sauma ef þið haldið að tvinnaspennan sé ekki rétt.
Ör 4 = 10 rammar fyrir 12 mismunandi útauma, hægt er að velja réttan ramma fyrir viðkomandi stærð.
Ör 5 = 13 gerðir af stafrófum, og þar af eru 2 mjög lítil.
Ör 6 = "renæssance" (endurreisnar) stafróf (þó ekki með ÆØÅ).
- Ör 7 = blómastafróf ca. 12 cm á hæð (en ekki með ÆØÅ).
- Ör 8 = applíkeringar stafróf í 3 stærðum.
- Ör 9 = minni vélarinnar.
- Ör 10 = minnskort.
- Ör 11 = disklingur.
- Ör 12 = bein tenging við tölvu.
- Ör 13 = upprunalegt Brother útsaumskort.
- Ör 14 = Hjálparaðgerðir.
27. Ýtið á innbyggðu mynstrin (ör 3) og veljið fuglinn (ör 15).
28. Skjámyndin breytist.
Ör 16 = stærð rammans.
Ör 17 = stærð mynstursins, og ef fleiri mynstur eru tengd saman er það heildarstærðin.
Ör 18 = stærðin á því mynstri sem er virkt og er auðkennt innan rauðs ramma.
Ör 19 = fjöldi litaskiptinga.
Ör 20 = ef mynstrið er í fleiri stærðum er það sýnt hér. Í þessu tilfalli er það ekki og táknið ekki virkt.
Ör 21 = speglast lóðrétt.
Ör 22 = speglast lárétt.
Ör 23 = skoða mynstrið í þrívídd (3-D).
29. Ýtið á SET (ör 24).
30. Skjárinn breytist í stjórnskjá.
31. Þar sem hægt er að færa til með aðstoð örvarhnappanna (örvar 25).
32. Ör 26 = ef útsaumur hefur verið færður sést hér hversu mikið hann hefur verið færður
33. Ör 27 = Ef mynstri hefur verið snúið er hægt að sjá það hér.
Ör 28 = ef eyða á mynstri er ýtt á DELETE.
Ör 29 = ef ætlunin er að sameina fleiri mynstur er ýtt á MERGE og er þá farið yfir á byrjunarskjáinn.

Hrað-leiðbeiningar fyrir Brother PR-600








34. Ör 1 = lóðrétt speglun.
Ör 2 = lárétt speglun.
Ör 3 = SIZE = breyting á stærð.
Ör 4 = ROTATE = snúningur.
Ör 5 = breyting á lit.
35. Ýtið á MERGE og farið er yfir á byrjunarskjá.
36. Nú þarf að bæta texta við – ýtið á stafrófið (ör 6).
37. Skjámynd með stafrófum kemur upp – veljið gerð.
38. Skrifið texta t.d. "fugl".
39. Ör 7 = stórir bóksafir.
Ör 8 = litlir bóksafir.
Ör 9 = tölur og tákn.
Ör 10 = ÆØÅ
Ör 11 = LMS stærð á bókstöfum, en einnig er hægt að breyta stærðinni stíglaut seinna.
Ör 12 = ARRAY hægt er að setja textann í boga og það er einnig hægt að gera seinna meir.
Ör 13 = ef búinn hefur verið til langur texti er hægt að yfirfara hann.
40. Ýtið á SET (ör 14) og farið er aftur á stjórnskjáinn
41. Það er fleira sem er orðið virkt.
Ör 15 = SPACING = millibil á milli bókstafanna.
Ör 16 = MULTI COLOR = ef óskað er eftir því að hver bókstafur hafi sinn lit.
Ör 17 = DENSITY = sporþéttleikinn.
Ör 18 = ARRAY = bogar og bekkir.
42. Ýtið á ARRAY (ör 18).
43. Fleiri möguleikar eru sýndir eftir því sem líður á textann, veljið það sem þið viljið.
44. Flytjið textann upp með því að ýta á örvarnar (19).
45. Ýtið á OK (ör 20) og farið er til baka á stjórnskjáinn.
46. Ýtið aftur á MERGE, til að bæta við ramma.

Hrað-leiðbeiningar fyrir Brother PR-600



47. Ýtið á ramma (ör 1).
48. Rammarnir koma á skjáinn, veljið ramma, hér er valið (sjá ör 2) og saumur sem er valinn hér (sjá ör 3). Ramminn er ekki nógu stór en það er hægt að stækka hann seinna.
49. Ýtið á SET (ör 4), og farið er til baka á stjórn-skjáinn.
50. Ýtið á SIZE, og þá er hægt að breyta stærðinni.
51. Notið viðeigandi hnapp (ör 5).
52. Þegar ramminn er eins og óskað er eftir er ýtt á OK (ör 6) og farið er til baka á stjórn-skjáinn.
53. Ef þið viljið breyta þannig að hver stafur sé í sínum lit, þá veljið þið fyrst að textinn sé virkur með því að ýta á örvarnar SELECT (örvar 7), og þá færirst rauða boxið.
54. Ýtið síðan á MULTI COLOR (ör 8) og bókstöfunum er nú skipt upp.
55. Ýtið á litaskiptingu (ör 9) og ný skjámynd kemur upp, þar sem hægt er að breyta litunum í bókstöfunum.
56. Til að fara á milli bókstafanna ýtið þið á tvinnakeflin (örvar 10).
57. Til að breyta um lit, ýtið þið á örvarnar (örvar 11).
58. Þegar búið er að velja rétta litinn er ýtt á SET (ör 12).
59. Þegar búið er að velja lit fyrir alla bókstafina er ýtt á OK (ör 13) og þá er farið aftur á stjórn-skjáinn.

Hrað-leiðbeiningar fyrir Brother PR-600



60. Með því að ýta á stækkunarglerið (ör 1) er nú hægt að sjá útsauminn, og hvernig hann kemur til með að líta út þegar hann hefur verið saumaður.

61. Hægt er að ýta á hina mismunandi ramma sem eru virkir til að sjá hvernig útsaumurinn lítur út í þrívídd (3-D) (ör 2).

62. Ýtið á CLOSE (ör 3), til að halda áfram.

63. Ef ekki á að gera meira við þetta virka mynstur er ýtt á EDIT END (ör 4) og þá er farið yfir í útsaums-skjáinn.

64. Síðustu breytingar sem hægt er að gera á þessari síðu eru:
Ör 5 = flytur sameinaða mynstrið.
Ör 6 = ROTATE ALL = snýr öllu mynstrinu.
Ör 7 = REPEAT = ef óskað er eftir því að endurtaka mynstrið.

Ör 8 = hraðinn á útsaumnum. Ef um mjög þykk eða þunn efni er að ræða er ráðlegt að minnka hraðann á útsaumnum.

Ör 9 = hægt er að láta nálina fara niður á nokkrum stöðum til að skoða hvort byrjað er á réttum stað og þetta er notað þegar verið er að staðsetja útsauminn á efnið.

Ör 10 = ýtið á þennan hnapp og þá keyrir vélin eftir útjaðri mynstursins og þið getið séð hvort það er ekki rétt staðsett.

Ör 11 = ýtið hér ef þið viljið geyma mynstrið. Fleiri möguleikar eru á því að geyma mynstur.

65. Ýtið á SEWING (ör 12) þegar þið eruð tilbúin að fara að sauma. Farið er yfir á næstu skjámynd.


66. Ör 13 = fjöldi litaskiptinga.
Ör 14 = fjöldi spora í heildarmynstrinu.
Ör 15 = heildartími fyrir útsauminn.
Ör 16 = tíminn þarf til skipta þarf um lit á vélinni.
Ör 17 = svona á að raða litunum á vélina.

67. Hér er sýnt á skjánum hvernig raða á litunum, ýtið á CLOSE (ör 18) til að halda áfram.

68. Ef einn af litunum sem á að nota í mynstrið er á vélinni en bara á öðrum stað er hægt að breyta staðsetningunni – ýtið á galdrastafinn (ör 19) og ný skjámynd kemur fram – ef liturinn er t.d. á stað 6 (ör 20) ýtið þið á hann og númerið breytist. Það á hins vegar eingöngu við um þennan eina lit, en ef liturinn er endurtekinn á fleiri stöðum þarf að breyta honum á öllum stöðunum, en það er gert með +/-hnöppunum (ör 21) og velja þann lit sem á að breyta.

69. Þegar viðkomandi litur er orðinn réttur er ýtt á OK (ör 22).

Hrað-leiðbeiningar fyrir Brother PR-600



70. Nú er mynstrið tilbúið til að verða saumað. Ýtið á LOCK (ör 1) og rauða örin á skjánum breytist í græna ör, sem gefur til kynna að vélin er tilbúin. Ýtið á start og vélin byrjar að sauma. Ef of langur tími líður frá því að ýtt var á LOCK og græna hnappinn þá breytist örin í rauða ör á ný. En þetta er aðeins öryggisatriði. Ýtið þá aftur á LOCK og aftur á græna hnappinn.

71. Vélin skiptir nú sjálfkrafa á milli lita sem eru á henni til að byrja með en ef um fleiri liti er að ræða í mynstrinu þá stöðvast hún og sýnir hvaða lit þarf að setja á hana.

72. Ef snert er við skjánum þegar vélin er að sauma þá stöðvast hún, en þetta er eingöngu öryggisatriði.

73. Ef RESERVE STOP (ör 2), er gerð virkt þá stöðvast vélin við hverja litaskiptingu. Þetta er kostur ef verið er að vinna með svampefni undir útsauminn eða við applíkeringar.

Áríðandi í hvert sinn sem kveikt er á PR600:

1. Að setja dropa af olíu í gríparann – sjá myndir í leiðarvísir á bls. VI eða innan á lokinu yfir spólunni.
2. Í sambandi við undirtvinnann bendum við á myndirnar í leiðarvísinum á bls.18-19.
3. Í sambandi við þræðingu bendum við á myndirnar í leiðarvísinum á bls. 35-39.

Góða skemmtun !

PFAFF hf., Grensásvegi 13, 108 Reykjavík s. 414-0400
www.pfaff.is